

File - Document properties

Þar setjum við inn stærð á vinnusvæði

File - Save AS

Vista skjalið

(svg fyrir upprunalegt skjal. PDF fyrir laserkurðarvél)

Hér setjum við stærðir á hlutum - Lásinn leyfir okkur að læsa stærðum hlutfallslega. Þannig að við bjögum ekki stærðina. Hægt er að skrifa inn stærðir sem við viljum hafa á hlutum.

Fill & Stroke - Þetta verkfæri leyfir okkur að stilla útlínur og fyllingu á hlutum. Hérna setjum við útlínur í réttan þykkleika til þess að laserskera. Fill & Stroke er hægt að finna inn í Object - Fill & Stroke

90° snúningur og spegilverfæri

Raða hlutum. Færa hluti fram eða aftur fyrir aðra hluti sem eru í skjalinu.

Selection (Mikilvægasta)

Verkfæri sem leyfir okkur að skala/snúa/breyta öllum formum. Veljum þetta alltaf þegar við erum búin að búa til hlut.

Form verkfæri: Kassi, hringur og marghyrningar Þessi verkfæri leyfa okkur að búa til grunnform. Polygon/star verkfærið er með tvo möguleika. Stjörnuverkfæri og marghyrningaverkfærið

Bezier verkfærið leyfir okkur að búa til óregluleg form. Það er hægt að teikna bæði beinar línur sem og bogalínur.

Textaverkfærið leyfir okkur að búa til texta.

Segull (Snapping) verkfærið er einstaklega hentugt þegar við viljum að hlutir smelli saman. Það getur líka verið mjög pirrandi þegar maður vill það ekki. Smelltu á það til að kveikja og slökkva á því.

